

Úrskurður Einkaleyfastofunnar

í andmælamáli

nr. 23/2009


Gnótt sf.

gegn

Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf.

Málsatvik:

Þann 15. júlí 2008 lagði Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Grjóthálsi 7-11, 110

Reykjavík, inn umsókn um skráningu vörumerkisins , sbr. umsókn nr. 2435/2008. Óskað var skráningar fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 16, 29, 30, 31, 32, 33, 35 og 42. Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum þann 15. ágúst 2008, sbr. skráning nr. 874/2008.

Með bréfi, dags. 9. október 2008, andmælti PRODUCT hugverkaþjónusta, fyrir hönd Gnótt sf., Heiðvangi 26, 220 Hafnarfirði, skráningu merkisins. Andmælin eru byggð á ruglingshættu, með vísan til 4. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997, við

merki andmælanda , sbr. skráning nr. 637/2008.


Með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 29. október 2008, var umsækjanda tilkynnt um andmæli gegn skráningu merkisins og var andmælanda veittur frestur til 29. nóvember 2008 til að leggja inn greinargerð í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 310/1997. Greinargerð andmælanda, dags. 27. nóvember 2008, var send umsækjanda með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 2. desember 2008 og var umsækjanda í sama bréfi

veittur tveggja mánaða frestur til að leggja inn greinargerð. Með bréfi dags. 30. janúar 2009 óskaði umsækjandi eftir viðbótarfresti, sem veittur var með samþykki andmælanda til 3. mars 2009. Greinargerð umsækjanda, dags. 3. mars 2009 var send andmælanda með bréfi dags. 10. mars 2009 og aðilum tilkynnt að málið yrði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Málsástæður og lagarök:

Andmælandi

Andmælt er skráningu vörumerkisins, , sbr. skráning nr. 874/2008, í flokkum 16, 29, 30, 31, 32, 33, 35 og 42. Andmælandi telur að merki umsækjanda sé í ruglingshættu við merki hans , sbr. skráning nr. 637/2008, með vísan til 4. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997.



Andmælandi bendir á að umsækjandi, Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf., hafi í ársbyrjun 2008 byrjað að auðkenna þjónustusvið sitt með firmaheiti andmælanda, sem er orðið GNÓTT og hafi í kjölfarið fengið skráð orð- og myndmerkið , sbr. skráning nr. 874/2008 í fjölmörgum flokkum.

Andmælandi byggir í fyrsta lagi á því að skráning merkis umsækjanda gefi tilefni til að ætla að átt sé við heiti á virkri atvinnustarfsemi hans, sbr. 4. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga, en fyrirtæki andmælanda Gnótt sf. hafi verið notað af andmælanda frá árinu 1985 og hafi hann því öðlast vörumerkjarétt á nafninu á grundvelli áratugalangrar, virkrar og óslitinnar notkunar með vísan til 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga.

Til að sýna fram á virka atvinnustarfsemi leggur andmælandi fram eftirfarandi gögn; útprentun úr fyrirtækjaskrá dags. 25. nóvember 2008 og yfirlýsingar sjö verslana um viðskipti við andmælanda, dagsettar í september og október 2008. Auk þess sem hann leggur fram sex tilkynningar frá árunum 1985-2008 til firmaskrár Hafnarfjarðar um tilgang félagsins og breytingar á tilganginum, tvö starfsleyfi fyrir Gnótt sf., gefin út af


heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og bréf þess síðarnefnda til andmælanda frá því í ágúst 2008.

Telur andmælandi ljóst að umsækjandi hafi frá ársbyrjun 2008 heimildarlaust notað firmaheiti andmælanda sem auðkenni í atvinnustarfsemi sinni.

Í öðru lagi byggir andmælandi á því að villast megi á merki umsækjanda  og skráðu vörumerki andmælanda  með vísan til 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjálaga. Andmælandi hafi með skráningu merkisins í flokka 3 og 5 öðlast vörumerkjavernd fyrir þá flokka. Telur andmælandi að um skýra sjón- og hljóðlíkingu sé að ræða með merkjunum, bæði sýni þau orðið GNÓTT með stórum stöfum og því sé sjónlíking meiri en ella.

Þá byggir andmælandi á því að hann hafi öðlast vörumerkjavernd með notkun á hinu óskráða vörumerki GNÓTT, sem notað hafi verið af andmælanda hér á landi fyrir ýmsa þjónustu fyrir þann tíma er umsókn um skráningu umsækjanda var lögð inn, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjálaga og sé enn notað. Varðandi notkun vísar andmælandi til 5. gr. vörumerkjálaga og leggur fram gögn er sýna eiga fram á notkun merkisins hér á landi, tvo reikninga frá árunum 2000 og 2004, dagblaðsauglýsingar og auglýsingabækling varðandi vöruna Polarölje.


Varðandi þá flokka sem merki umsækjanda er skráð fyrir telur andmælandi að ruglingshætta sé til staðar í flokki 16 í ljósi þess að andmælandi birti reglulega merki sitt í auglýsingum og kynningum í dagblöðum, tímaritum og auglýsingabæklingum. Ennfremur telur andmælandi að skráning merkis umsækjanda í flokka 29, 30, 31 og 32 skapi ruglingshættu við merki andmælanda, enda sinni andmælandi innflutningi, dreifingu og sölu á matvælum fyrir innanlandsmarkað, sbr. framlögð fylgiskjöl. Þá telur andmælandi skýra ruglingshættu til staðar í flokki 35 í ljósi þess að um heiti á starfsemi andmælanda sé að ræða, auk þess sem andmælandi sinni auglýsingastarfsemi, rekstri og stjórnun fyrirtækis og skrifstofustarfsemi. Því beri að hafna skráningu umsækjanda í framangreindum flokkum.



Þá byggir andmælandi á því að umsækjandi, Ölgerðin Egill Skallagrímsson, ehf. noti heiti andmælanda sem auðkenni á starfsemi sinni, þ.e. orðið Gnótt skrifað með hástaf og litlum stöfum þar á eftir, í stað þess að nota merkið  eins og það er skráð, sbr. skráning nr. 874/2008. Leggur andmælandi fram útprentun af vefsíðu umsækjanda því til staðfestingar.

Að síðustu byggir andmælandi á því að þegar hafi komið fram sönnun þess að ruglingshætta sé fyrir hendi milli firmaheitis og vörumerkis andmælanda og skráningar umsækjanda, þar sem reikningar sem átt hafi að fara til umsækjanda hafi verið sendir andmælanda. Leggur andmælandi fram reikninga frá fimm aðilum og afrit af tölvusamskiptum við einn þeirra varðandi það að reikningur hafi ekki átt að berast andmælanda.

Með hliðsjón af framangreindu telur andmælandi að ógilda beri skráningu nr. 874/2008 í heild sinni.

Umsækjandi

Umsækjandi bendir í fyrstu á að lögð hafi verið inn umsókn hjá Einkaleyfastofunni þann 24. janúar 2008 um skráningu merkisins GNÓTT (orðmerki). Á þeim tíma hafi andmælandi hvorki átt skráð vörumerki né fyrirbyggjandi umsókn um skráningu vörumerkis, heldur hafi hann sótt um skráningu vörumerkisins  þann 29. apríl 2008. Í janúar 2008 hafi sameignarfélag andmælanda Gnótt sf. verið skráð í fyrirtækjaskrá fyrir *akstur sendibíla*.

Varðandi mat á því hvort skráning umsækjanda á merkinu  fari í bága við skráningu andmælanda á merkinu  vísar umsækjandi til 4. gr. vörumerkjalaga og bendir á að annars vegar verði að meta hvort merkin séu svo lík að ruglingi geti valdið og hins vegar hvort ruglingshætta sé til staðar varðandi vöru og/eða þjónustu.

Umsækjandi telur ljóst að orðhluti merkjanna sé hinn sami. Hann bendir þó á að hjá Einkaleyfastofunni liggi fyrir umsókn um skráningu orðmerkisins GNÓTT sem hingað til hafi verið talið óskráningarhæft sem orðmerki, þó sú niðurstaða sé ekki endanleg. Telur umsækjandi þá staðreynd hafa áhrif á það ruglingshættumat sem hér fari fram. Útlit merkjanna og stílfærslu telur umsækjandi mjög ólíka. Annars vegar sé um að ræða merki í grátónum en hins vegar í grænum lit. Merki umsækjanda sé einföld útfærsla á stöfunum GNÓTT þar sem stafirnir N og Ó séu tengdir saman. Merki andmælanda sé orðið GNÓTT, sem sett sé fram í hástöfum í einföldu letri undir svipsterka mynd sem virðist vera af húsi. Um sé því að ræða þríhyrning eða kvist, grænan að lit, sem hangi saman við mynd af ferhyrningi. Umsækjandi telur heildarmynd merkjanna ekki líka þar sem orðhlutinn GNÓTT í merki andmælanda spili mun veigaminna hlutverk en myndin í merkinu. Merki umsækjanda samanstandi aftur á móti einungis af orðinu í stílfærðum stöfum.

Í ljósi þess að umsækjandi telur merkin ekki mjög lík í útliti telur hann að meiri kröfur verði að gera til þess að þær vörur og þjónusta sem merkjunum er ætlað að auðkenna séu það líkar að ruglingi geti valdið. Umsækjandi bendir á að merki hans sé skráð fyrir vörur og þjónustu í sex flokkum, en merki andmælanda í tveimur. Merki andmælanda sé skráð fyrir snyrtivörur og lyfjatengdar vörur sem ekki verði taldar í ruglingshættu við matvæli, en þá flokka telur umsækjandi þá nærtækustu í skráningu umsækjanda. Snyrtivörur og lyf séu iðulega seldar í sérstökum búðum, fjarri matvælum. Hættu á að neytendur ruglist verði því að telja í lágmarki. Þá sé um að ræða vörur sem óalgengt sé að sami aðili stundi viðskipti með, einkum á þann veg að sama merki sé notað fyrir lyf, snyrtivörur og matvörur. Þá bendir umsækjandi á að ef unnt sé að kaupa allar þessar vörur í sömu verslun sé því yfirleitt þannig háttað að vöruflokkarnir séu aðskildir. Lyf séu oftast en ekki á afmörkuðum svæðum og afgreidd sér af sérstöku afgreiðslufólki. Telur umsækjandi því ljóst að ruglingshætta sé ekki fyrir hendi og hafnar því að skráning hans fari í bága við 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga.

Þá hafnar umsækjandi því að skráning hans fari í bága við 4. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga. Hann telur skráningu fyrirtækis með nafni sem sé eins eða líkt vörumerki sem síðar er sótt um vernd fyrir nægi ekki ein og sér til að skráning

vörumerkis fari í bága við 4. tl. 1. mgr. 14. gr. laganna. Gerð sé sú krafa að fyrirtækið sé skráð með starfsemi á eins eða líku sviði eða fyrir eins eða líkar vörur. Umsækjandi bendir á að ef litið er til þeirrar starfsemi sem fyrirtækið Gnótt sf. sé skráð fyrir, *akstur sendibíla*, sem almennt myndi falla í flokk 39, sé ljóst að ekki sé um ruglingshættu að ræða. Umsækjandi telur enga hættu á því að skráning hans geti gefið tilefni til að ætla að átt sé við heiti á virkri atvinnustarfsemi.

Umsækjandi telur að sú starfsemi sem tilgreind er í þeim tilkynningum til fyrirtækjaskrár sem andmælandi leggur fram um breytingar á starfsemi félagsins, sé aðeins viðtækari en tilgreind starfsemi í skráningu félagsins. Þá verði hún ekki talin rökstudd með fullnægjandi gögnum. Ekki er að mati umsækjanda nægjanlegt að horfa til tilgangs félags eins og hann er skilgreindur í samþykktum þess, heldur sé krafa vörumerkjalaga sú að um virka atvinnustarfsemi sé að ræða og horfa verði til þess hvað í raun sé starfrækt undir merki fyrirtækis. Sambærileg rök eru færð fyrir þeim tilkynningum sem sendar voru fyrirtækjaskrá á tímabilinu 1985-1997. Rekstri félagsins hafi verið breytt árið 2000 í *sendibílaakstur, útleiga á sumarhúsi og skyldur rekstur*. Útvíkkanir sem áður hafi verið tilgreindar, s.s. *inn- og útflutningur, rekstur smásöluverslunar og útgáfustarfsemi* hafi með því fallið brott og tilgangur félagsins því alls ótengdur þeim vörum og þjónustu sem merki umsækjanda sé skráð fyrir.

Þá bendir umsækjandi á að þann 29. apríl 2008 hafi tilgangi félagsins verið breytt á ný í *sendibílaakstur, útleigu á sumarhúsi, innflutning á snyrtivörum og matvælum og annan skyldan rekstur*. Þessar breytingar séu gerðar eftir að umsækjandi leggur inn sína fyrstu vörumerkjaumsókn í janúar 2008. Leggur umsækjandi fram fylgiskjöl sem sýni að notkun umsækjanda hafi hafist á svipuðum tíma. Framangreindar breytingar telur umsækjandi því að komi ekki til skoðunar í ljósi þeirrar meginreglu vörumerkjaréttar að eldri réttur gangi fyrir yngri sbr. 7. gr. laganna.

Varðandi þau gögn sem andmælandi leggur fram til stuðnings notkunar merkisins sem sýna eigi fram á fyrri notkun merkisins af hans hálfu telur umsækjandi að þau sem dagsett eru eftir að notkun umsækjanda hófst og fyrsta vörumerkjaumsókn hans var lögð inn, þ.e. í janúar 2008 verði ekki metin sérstaklega enda skapi þau ekki máli fyrri

rétt með vísan til 7. gr. vörumerkjalaga. Eigi hið sama við um yfirlýsingar um viðskipti frá einstökum aðilum við fyrirtækið Gnótt sf. sem dagsettar eru í október 2008 og tilgreini ekki hvenær viðskipti hafi átt sér stað.

Aðrar yfirlýsingar sem lagðar eru inn segir umsækjandi að virðist vera í tengslum við snyrtivörur, fæðubótarefni eða heilsuvörur. Telur umsækjandi að um ófullnægjandi notkunargögn sé að ræða þar sem merkið sé í raun ekki sýnt í notkun heldur sé um ónákvæmar yfirlýsingar að ræða um hvers kyns vörur sé að ræða. Fer umsækjandi fram á að framhjá þeim verði litið af skráningayfirvöldum.

Varðandi reikning sem lagður er fram telur umsækjandi hann tilgreina einungis viðskipti með vörur sem falli undir flokka 3 og 5. Gagnið víkki því ekki út núgildandi skráningu í eigu Gnótt sf. Varðandi afrit auglýsinga fyrir vöruna Pólarólía þá séu auglýsingar þær ódagsettar. Gögnin myndu því ekki verða talin fullnægjandi fyrir rétti, auk þess sem bent er á að varan falli undir flokk 5.

Varðandi afrit starfsleyfa sem Gnótt sf. leggur fram frá árunum 2005 og 2006 varði hið fyrra vörur í flokki 3, en hið síðara taki m.a. til matvæla. Ekki hafi þó verið sýnt fram á eiginlega starfsemi í tengslum við notkun merkisins fyrir matvæli þrátt fyrir veitt starfsleyfi. Slík undirbúningsgögn geta ekki að mati umsækjanda talist fullnægja kröfum um notkun. Þá bendir umsækjandi á að starfsleyfi frá 26. ágúst 2008 sé dagsett eftir að notkun/skráning umsækjanda kom til.


Að lokum hafnar umsækjandi því alfarið að sannanir hafi verið færðar fyrir því að ruglingur hafi átt sér stað þar sem reikningar hafi verið sendir á vitlausa staði. Þá bendir umsækjandi á að hann noti ekki orðið GNÓTT sem fyrirtækjaheiti. Það sé einungis notað sem vörumerki eða heiti á rekstrareiningu en öll sala eigi sér stað til fyrirtækisins Ölgerðin. Sama heiti geti verið til staðar annars vegar á vörumerki, hins vegar á fyrirtækjaheiti án þess að um brot sé að ræða. Það að kennitölur ruglist eða reikningar fari á ranga staði sé ekki sönnun þess að um ruglingshættu sé að ræða í skilningi vörumerkjalaga.

Með vísan til framangreinds fer umsækjandi fram á að fram komum andmælum verði hafnað og að skráning umsækjanda nr. 874/2008 haldi gildi sínu.

Niðurstaða:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins **GNÓTT**, sbr. skráning nr. 874/2008, í flokkum 16, 29, 30, 31, 32, 33, 35 og 42. Andmælin byggja á ruglingshættu, með vísan til 4. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997.

Í fyrsta lagi byggir andmælandi á því að vörumerkjaréttur hans hafi stofnast á grundvelli notkunar fyrirtækjaheitis hans, Gnótt sf., skv. 1. mgr. 3. gr., sbr. 4. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga og í öðru lagi á skráðu vörumerki hans, , sbr. skráning nr. 637/2008, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laganna.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga getur vörumerkjaréttur stofnast með notkun vörumerkis sem er og hefur verið notað hér á landi fyrir vörur eða þjónustu. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að ekki er gert að skilyrði að markaðsfestu hafi verið náð og jafnframt kemur fram að geti aðili sannað að hann hafi fyrstur notað ákveðið vörumerki sé vörumerkjarétturinn hans.

Í 1. og 2. tl. 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga kemur fram að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki nota heimildarlaust í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans ef notkunin tekur til eins eða svipaðrar vöru/þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til og hætt sé við ruglingi, þar sem talið að tengsl séu með þessum merkjum.

Í 4. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga kemur fram að ekki megi skrá merki ef í því felist eitthvað sem gefur tilefni til að ætla að átt sé við heiti á virkri atvinnustarfsemi. Hér eins og endranær er það skilyrði að um líka eða svipaða starfsemi sé að ræða til að ruglingshætta sé fyrir hendi.

Meginregla er að vörumerki megi ekki innihalda heiti á virkri atvinnustarfsemi annars manns og getur eigandi starfseminnar komið í veg fyrir að aðrir fái skráð slíkt heiti. Við matið á því hvort ruglingshætta sé á milli vörumerkis og heitis á atvinnustarfsemi skiptir meginmáli að heiti atvinnustarfseminnar hafi sérkenni og aðgreiningarhæfi, að

vörumerkið sé eins eða líkt og heiti starfseminnar og að tengsl séu milli þess sviðs sem fyrirtækið starfar á og þeirra vara eða þjónustu sem vörumerkið er skráð fyrir. Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 er óheimilt að skrá vörumerki ef villast má á merkinu og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða notað þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér.

Við mat á ruglingshættu milli merkja ber fyrst og fremst að líta til þess að meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur/þjónustu eins aðila frá vörum annarra. Úrslitaþýðingu hefur hvort verulegur hluti neytenda telji vörurnar/þjónustuna komna frá sama aðila. Matið á því hvort villst verði á merkjum er fólgið í víxlmati tveggja þátta, þ.e. merkja annars vegar og vöru og þjónustu hins vegar. Þeim mun meiri sem ruglingshættan er í öðrum þættinum, þeim mun fjarlægari verður hún að vera í hinum.

Andmælandi leggur fram eftirfarandi gögn til að sýna fram á virka atvinnustarfsemi: Tilkynningar, frá árunum 1985-2008, til firmaskrár Hafnarfjarðar um tilgang félagsins og breytingar á tilganginum. Upphaflega var Gnótt sf. skráð hjá firmaskrá Hafnarfjarðar, 6. mars 1985, fyrir *inn- og útflutning, rekstur smásöluverslunar og útgáfustarfsemi*. Árið 1996 var tilgangur félagsins *útvíkkaður í ráðgjöf og kennslu í bókhaldi, reikningsuppgjöri og fleiru*. Árið 1997 var tilgangur félagsins aftur *útvíkkaður í sölu auglýsinga og heimasíðugerð á alnetinu*. Þá eru lögð fram tvö starfsleyfi fyrir Gnótt sf., sem gefin eru út 13. september 2005 og 22. maí 2006 af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, sem gilda til 27. ágúst 2016. Þau leyfi taka til dreifingar á matvælum og fegrunar- og snyrtivörum. Þá er tilkynnt breyting á tilgangi félagsins í apríl 2008 sem er svohljóðandi: *sendibílaakstur, útleiga á sumarhúsum innflutningur á snyrtivörum og matvælum og annar skyldur rekstur*. Í bréfi heilbrigðisnefndarinnar frá því í ágúst 2008 kemur fram að leyfið sé til tólf ára eða til 2020. Einnig var lögð fram útskrift frá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra, þar sem kemur fram að fyrirtækið Gnótt sf. hafi verið skráð þann 4. desember 1985 og sé nú skráð fyrir *akstur sendibíla*.

Þá leggur andmælandi fram yfirlýsingar frá sjö verslunum um viðskipti við andmælanda, dagsettar í september og október 2008. Yfirlýsingarnar eru ýmist frá apótekum eða matvöruverslunum og í þeim öllum staðfesta aðilar að hafa verið í viðskiptum við Gnótt sf., ýmist frá árunum 2004 eða 2005 og fram til þessa dags.

Af gögnum þeim er andmælandi hefur lagt fram er ljóst að hann hefur notað heitið GNÓTT sem vörumerki allt frá upphafi. Hann hefur því sannanlega öðlast vörumerkjarétt á orðmerkinu, GNÓTT, á grundvelli notkunar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga á því sviði sem hann starfar, enda hefur hann notað heitið GNÓTT óslitið í starfsemi sinni allt frá árinu 1985. Andmælandi hefur því öðlast vörumerkjarétt á heitinu Gnótt fyrir meðal annars *smásöluverslun, sendibílaakstur, útleigu á sumarhúsum, og innflutningi á snyrtivörum og matvælum.*

Á heimasíðu umsækjanda, Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf., kemur fram að fyrirtækið sé ein stærsta heildsala landsins á fyrirtækjasviði og skiptist í 5 svið. Þar af beri eitt af sviðunum heitið Gnótt sem selji umbúðir og hráefni til mötuneyta, bakaría, kjötvinnsla o.fl. Þá liggur það fyrir að starfsemi andmælanda, GNÓTT sf., er einnig heildsala.

Eftir athugun Einkaleyfastofunnar á gögnum málsins hefur komið í ljós að báðir aðilar nota heitið GNÓTT á sama hátt, þ.e. ekki sem vörumerki sem auðkennir þær vörur sem höndlað er með heldur sem heiti á starfsemi sem flytur inn og dreifir ákveðnum vörum, meðal annars lyfjum, snyrtivörum og matvörum.

Sýnt hefur verið fram á samkvæmt gögnum málsins að neytendur hafa ruglast á þessum tveimur aðilum, þ.e. annars vegar Gnótt sf. og hins vegar smásöluviðs Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf., Gnótt. Lagðir hafa verið fram reikningar sem áttu að fara til umsækjanda, Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf, en voru sendir andmælanda, sbr. reikninga sem andmælandi hefur lagt fram frá fimm aðilum og afrit af tölvusamskiptum við einn þeirra. Einkaleyfastofan telur í ljósi framangreinds, að starfsemi aðila máls þessa sé svo lík að ruglingi geti valdið og skilyrðum 1. og 2. tl. 1. mgr. 4. gr. sé þannig fullnægt, þar sem vörumerki umsækjanda, **GNÓTT**, inniheldur sama orð og atvinnustarfsemi andmælanda, þ.e. Gnótt, auk þess sem starfsemin er á sama sviði.

Með hliðsjón af því sem hér að framan hefur verið rakið og þegar litið er til heildarmyndar ofangreindra auðkenna er það mat Einkaleyfastofunnar að ruglingshætta sé milli atvinnustarfsemi andmælanda, Gnótt sf. og þeirrar starfsemi sem merki

umsækjanda **GRÓTT**, sbr. skráning nr. 874/2008, er auðkennd með, með vísan til, 1. og 2. tl. 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga, sbr. og 4. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. sömu laga.

Ú r s k u r ð a r o r ð

Skráning merkisins **GRÓTT**, sbr. skráning nr. 874/2008, skal felld úr gildi.

Reykjavík, 10. desember 2009,

Lára Helga Sveinsdóttir, lögfr.